

Fundargerð 6. apríl 2020

Fundur Græns teymis Mættir: Ásta Þórisdóttir, Davíð Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack.

Fundarefni

1. Farið yfir vottun fyrir starfsárið 2019
Farið var yfir „Benchmarking Data Collection period 1.1-31.12.2018“ Gerð var grein fyrir hvað hefur áunnist á síðastliðnu ári og hvar mætti gera betur. Gögn sýna að breyting er til batnaðar varðandi urðun sorps. Misskilnings hefur gætt í gagnaskilum varðandi vatnsleka og vatnsnotkun. Verkefnastjóri þarf að breyta staðalspurningum um vatnslekaskoðun í sveitarfélögum. EC hefur ekki enn viðurkennd að nær eingöngu sé notuð endurnýjanleg orka á Vestfjörðum. Til þess þarf upprunavottun fyrirtækis.
2. Áhættumat – Uppfæra og skoða aðgerðaráætlun sveitarfélaga varðandi loftslagsvá. Áhættumat var uppfært inn í síðustu framkvæmdaáætlun. Græna teymið lagði til að framkvæmdaáætlun síðasta árs og áhættumat yrði sent til sveitarstjórna til umfjöllunar. Verkefnastjóri beðinn um að spyrjast fyrir hjá Vinnueftirliti hvort úttekt á geymslu spilliefna væri samkvæmt bestu starfsháttum á Vestfjörðum. Slíkt eftirlit mun þó vera (fyrir almenning og sveitarfélög) í höndum heilbrigðisfulltrúa og verða þeir beðnir um greinargerð um þau mál á árinu 2020.
3. Framkvæmdaáætlun – hvað er búið og hvað þarf að setja inn?
Skipuleggja þarf fjarfund með Framkvæmdaráði þar sem þarf að fara yfir framkvæmdaáætlun. Verkefnastjóra falið að senda bréf til framkvæmdaráðs og einnig til sveitarfélaga til að kynna það sem þarf að skoða fyrir endurnýjun þessa árs. Endurnýja þarf val fólks í framkvæmdaráði. Á Tálknafirði mun það verða Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri og í Strandabyggð Ásta Þórisdóttir.
4. Hagsmunaaðilar - Málefni látið bíða til næsta fundar
5. Önnur mál - Fjallað var um tilvonandi merkingu Vestfjarðaleiðar en að líkum verður hægt að setja EC merkingar inn á þau skilti.

Davíð gerði grein fyrir stöðu sinni á Patreksfirði.

Verkefnastjóri Nave heldur áfram að halda utan um vottunina og gagnaöflun í 33% stöðu en stefnir á að þjálfa starfsfólk NAVE til að styðja við öflun gagna og fylgjast með framkvæmdum í sveitarfélögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Lína Björg ritaði fundargerð.